

Þorsteinn Jónsson/
Tor Ödegaard
Haukanesi 15
210 Garðabær

3. september 2003
Tilvísun: UST20030600025/tb

Efni: Fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir í Flatey og Hrappsey, Breiðafirði

Ágæti Þorsteinn og Tor,

Vísað er í bréf til Umhverfisstofnunar dags. 4. júní 2003, þar sem skírt er frá hugmyndum um nýtingu eigna í Flatey og nýtingu eyjarinnar Hrappsey í sambandi við ferðaþjónustu hótélrekstur o.fl. Óskað er eftir heimild til að nýtingar eigna í Flatey og Hrappsey í samræmi við fyrrgreindar hugmyndir. Umhverfisstofnun vill benda á að það er ekki á forræði stofnunarinnar að heimila nýtingu eigna í Breiðafirði nema að svo miklu leiti sem viðkemur hlutverki stofnunarinnar í samræmi við lög um nr. 54/1995 um vernd Breiðafjaraðar.

Inngangur:

Umhverfisstofnun sendi Breiðafjarðarnefnd framangreint erindi til umsagnar 5. júní sl. og barst svar nefndarinnar með bréfi dagsettu 21. júlí sl. Með bréfi, dagsettu 1. september sl. var ykkur gert mögulegt að koma með athugasemdir við afgreiðslu Breiðafjarðarnefndar. Svar barst með bréfi dags. 2. september sl.

Í svari Breiðafjarðarnefndar kemur fram að nefndin telur að það sé hlutverk byggingarnefndar Reykhólahrepps að taka ákvörðun um breytta notkun frystihússins í Flatey og að gera þurfi deiliskipulag fyrir Hrappsey vegna umfangs framkvæmdanna. Nefndin óskar eftir því að fá deiliskipulagstillögu til umsagnar verði af henni. Breiðafjarðarnefnd telur að við allar framkvæmdir er varða Flatey og Hrappsey verði að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðar. Nefndin telur einnig að koma þurfi á heildarskipulagi yfir ferðaþjónustu á Breiðafirði sem allra fyrst.

Í lögum um nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar ásamt síðari breytingum segir í 6. gr.: „Við gerð skipulagsáætlana á því svæði sem um getur í 2. gr. skulu sveitarfélög leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar.“

Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Framkvæmdir, sem nauðsynlegar og edlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki að mati Umhverfisstofnunar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.“

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsend gögn í málinu. Það er ákvörðun stofnunarinnar á grundvelli þeirra ganga sem fyrir liggja og með vísan til 6. gr. laga nr. 54/1995 að ekki sé unnt að heimila fyrirhugaða nýtingu eigna í Flatey og Hrappsey eins og hún er kynnt stofnuninni í fyrirnefndu bréfi frá 4. júní sl. Umhverfisstofnun telur að til að hægt sé að taka endanlega afstöðu til einstakra framkvæmda þurfi þær að vera þannig útfærðar t.d. hvað varðar staðsetningu að hugsanleg áhrif þeirra á umhverfið séu ljósari en nú er.

Umhverfisstofnun tekur undir með Breiðarfjarðarnefnd að breytingar á samþykktu skipulagi í Flatey þurfa að fara í lögformlegt ferli hjá viðkomandi sveitarfélagi og vera í samræmi við verndaráætlun og lög um vernd Breiðarfjarðar. Umhverfisstofnun tekur jafnframt undir að vegna umfangs framkvæmda í Hrappsey þurfi þær að vera í samræmi við verndaráætlun Breiðarfjarðar og að gera þurfi sérstakt deiliskipulag sem sýni að fyrirhuguð nýting eyjunnar muni ekki rýra verndargildi hennar hvað snerti náttúruminjar og menningarsögulegar minjar.

Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið Breiðarfjarðarnefndar að skipuleggja þurfi ferðaþjónustu í Breiðafirði en telur þá afstöðu nefndarinnar ekki hafa áhrif á afgreiðslu þessa máls.

Umhverfisstofnun sér ekkert því til fyrirstöðu að ferðaþjónusta sé rekin í Flatey og Hrappsey en ítrekar að hún verði að vera í samræmi við skipulag og vernd Breiðarfjarðar og að stofnunin getur ekki á grundvelli þeirra gagna sem nú liggja fyrir tekið endanlega afstöðu til einstakra framkvæmda skv. framangreindu erindi. Umhverfisstofnun sér ekkert því til fyrirstöðu fyrir sitt leiti að farið verði í gerð deiliskipulags fyrir breytingar á nýtingu Hrappseyjar í samræmi við fyrrgreinda afstöðu stofnunarinnar.

Ákvörðun þessa má kæra til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því að þér berst ákvörðun þessi skv. 26. og 27. gr. stjórnisýslulaga.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Sviðsstjóri/fagstjóri

Sigurður Örn Guðleifsson
hdl.

Afrit:Umhverfisráðuneytið, Breiðarfjarðarnefnd.